

eyjar eða hólma við strendurnar til að verka hann þar, en aptur á móti banna þeim ekki að flytja afla, sem þeir hafa fengið fyrir utan landhelgi, inn fyrir hana og verka hann á skipum eða búa hann út til útflutnings á annan hátt, t. a. m. salta hann í tunnur, leggja hann í is, eða skipa honum í önnur skip, ekki get álitíð óleyfilegt, að ofanefnt fiskiveiðafjelag, hvort heldur eitt saman eða í sameiningu við annað útlent fiskiveiðafjelag, hafi ísgeymslu í skipi, sem liggur í landhelgi, til afnota við fiskiveiðar sínar.

## Auglýsing

um breyting á yfirsetukvennaumdæmum í Skagafjarðarsýslu  
(sbr. Stj.tíð. 1889 B. bls. 149—151).

79  
19. júlí.

Samkvæmt ályktun amtsráðsins í norðuramtinu 12. þ. mán., verður skipun yfirsetukvennaumdæma í Skagafjarðarsýslu austan Hjeraðsvatna þannig:

1. Austur-Fljót og Barðstorfan með Haganesi; takmörk að austan eru um Hofsvatn, Akraós og Tíðaskarð.
2. Vestur-Fljót og Sljettuhlíð að utanverðu að Hrolleifsdalsá.
3. Sljettuhlíð frá Hrolleifsdalsá inn að Undhóli; Ósland er þá innsti bærinn í því umdæmi.
4. Hofshreppur frá Undhóli, Hólahreppur og Viðvíkurhreppur að bæjunum Enni, Narfastöðum og Lóni; Bakki og Lækur eru þá innstu bæir í því umdæmi.
5. Viðvíkurhreppur frá Enni, Akrahreppur að Djúpadalsá og Hegranesið.
6. Akrahreppur frá Djúpadalsá.

Umdæmin austan vatna verða þannig 6, en voru áður 5. Vestan vatna verður sama niðurskipun á umdæmunum, sem áður var, þannig einungis, að 6. umdæmið verður hið 7. o. s. frv.

Skrifstofu norðuramtsins, 19. júlí 1894.

*Kl. Jónsson.*

settur.

## Ágrip

80

af reikningi yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1893.

Tekjur:

Kr. a.

1. Eptirstöðvar við árslok 1892:

a. Innritunarskirteini Ltra A. Fol. 87 . . . . .	kr. 28,500,00	
b. Skuldabryfjef einstakra manna . . . . .	— 36,910,89	
c. Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	— 2,178,67	
d. Útistandandi Vextir . . . . .	— 32,00	
e. Í peningum . . . . .	— 401,13	68022 69
		<hr/> Flyt: 68022 69

80

Flutt: 68022 69

2. Ábyrgð eptir 2., 3., 5. og 6. gr. athugasemda við reikninginn 1891, samtals 79 a., færist til inntektar, að frádregnu endurgjaldi eptir 4. gr., kr. 08 með . . . . .	71
3. Vextir af leigufje sjóðsins árið 1893, alls . . . . .	2439 04
4. Endurgoldin lán og afborganir . . . . .	635 82
5. Ný skuldabryf, er sjóðurinn hefur eignast . . . . .	1350 00
	Samtals: 72448 26

## Gjöld:

1. Styrkur veittur til uppfósturs og fræðslu fátækum börnum í Kjalarnessþingi hinu forna . . . . .	2380 00
2. Útlán á reikningsárinu . . . . .	1350 00
3. Til jafnaðar móti tekjulið 4 . . . . .	635 82
4. Ýmislegur kostnaður . . . . .	00 00
5. Til jafnaðar móti tekjulið 1. d. færist til útgjalda, sem tvisvar komið til inntektar, cfr. skýrsluna, er fylgdi reikningnum . .	32 00
6. Eptirstöðvar við árslok 1893:	
a. Innritunarskírteini Ltra A. Fol. 87 . . . . . kr. 28,500,00	
b. Skuldabryf einstakra manna . . . . . — 37,625,07	
c. Ógoldnir vextir . . . . . — 40,00	
d. Á vöxtum í landsbankanum (25. maí 1893) . . . . .	1,885,37
	68050 44
	Samtals: 72448 26

Stiptsyfirvöld Íslands,  
Reykjavík, 25. maí 1894.

*Kristján Jónsson*                      *Hallgr. Sveinsson,*  
settur.

81

## Jafnaðarsjóður Suduramtsins árið 1893.

	Tekjur:	Kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1892 . . . . .		1331 56
2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu, 16 aurar á hvert gjaldskylt hundrað . . . . .		2773 85
	Samtals:	4105 41

## Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna . . . . .	58 59
2. — ferðakostnaðar . . . . .	00 00
3. — heyrnar- og málleysingja . . . . .	938 57
	Flyt: 997 16